



Stjórnarfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga 18. maí 2012, kl 10.00. Haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson og Ómar Már Jónsson.

Formaður setti fundinn og kynnti að Sigurður Pétursson boðaði forföll og Jóna Benediktsdóttir mætti í hans stað, en vegna anna myndi hún mæta síðar til fundar

Dagskrá.

1. Fundargerð fundar 7. maí 2012

Fundargerð send út í tölvupósti, engar athugasemdir bárust og fundargerð samþykkt.

2. Ársreikningur 2011

Mættur til fundar Guðmundur E Kjartansson, löggiltur endurskoðandi. Framkvæmdastjóri og endurskoðandi fóru yfir niðurstöðu ársreiknings 2011. Rekstarframlög nema 44,6 mkr, rekstargjöld 46,2 mkr, neikvæð rekstarafkoma að teknu tilliti til fjármunatekna- og gjalda nemur 1,7 mkr.

Endurskoðandi fór yfir skýringar með ársreikningi og svaraði fyrirspurnum.

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um niðurstöður ársreiknings. Stjórn samþykkir ársreikning og staðfestir með undirritun sinni og vísar til fjórðungspings.

Rætt um viðbrögð við rekstarhalla sambandsins. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að fara í viðræður við húseigenda um leiguverð og Háskólasetur um sameiginlegan rekstarkostnað. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra rekstraráætlun 2012 í samræmi við rekstarstöðu fyrstu fimm mánuði.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að breytingu á samþykktum FV er varðar umfjöllun um ársreikning og fjárhagsáætlun. Stjórn vísar hugmyndinni til umfjöllunar fjórðungspings.

3. Sóknaráætlun landshluta

a. Formaður kynnti að stýrihópur um sóknaráætlunar landshluta hafi verið boðaður til fundar þann 24. maí n.k.. Dagskrá verður send út á þann 22. maí n.k. og því liggja efnisatriði fundarins ekki fyrir. Formaður sækir fundinn að venju en framkvæmdastjóri er forfallaður en varaformaður mun sækja fundinn með formanni. Rætt um stöðu og framkvæmd sóknaráætlunar landshluta frá því verkefnið hófst vorið 2010.

b. Verkefni sóknaráætlunar landshluta „Haf og strönd“.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að framkvæmd verkefnisins, sem lögð verður fyrir fund með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þann 25. maí. Stjórn samþykkir framsetningu framkvæmdastjóra.

Mætt til fundar Jóna Benediktsdóttir, kl 11.00.



a. Undirbúningur IPA umsóknar

Framkvæmdastjóri kynnti áætlun um mat á kostnaði og fjármögnun forvinnu að IPA umsókn. Verkefnið er unnið í samstarfi við atvest og NMÍ.

b. TAIEX ferð

Rætt um efnisatriði dagskrár ferðar hluta stjórnar þann 4. til 8. júní n.k., til Baskalands með stuðningi TAIEX.

5. Stoðkerfi atvinnu og byggðar

Ómar Már Jónsson, sem formaður stjórnar atvest fór yfir umræðu í stjórnar félagsins um stoðkerfi atvinnu og byggðar og samstarf við FV.

6. Byggðasamlag Vestfjarða

Rætt um starfsemi BsVest. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra kanna umfang og kostnað við úttekt á starfsemi BsVest og félagsþjónustusvæða sveitarfélaga.

7. Umsagnir til Alþingis.

Lögð fram til staðfestingar umsögn um *frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (stofnstyrkir, frádráttarákvæði), mál 689, þingskjal 1165, 140. löggjafarþing*. Umsögn samþykkt.

Lögð fram til staðfestingar umsögn um *tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727, þingskjal 1165, 140. löggjafarþing* Umsögn samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.15.